

Almannavarnir Árnassýslu

4. fundur **framkvæmdaráðs** Almannavarnarnefndar Árnassýslu, haldinn mánudaginn 14. Desember 2009 kl: 15.14 að Hörðuvöllum 1, Selfossi

Mættir: Ragnheiður Hergeirsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Ólafur Helgi Kjartansson, Kristján Einarsson og Oddur Árnason.

Dagskrá:

1. **Yfirlestur á áhættumati í Árnassýslu**

Nefndarmenn héldu áfram að lesa yfir drög að áhættumati sem lá fyrir fundinum.

Fram kom að ekki hafa borist gögn sem óskað var eftir frá ýmsum stofnunum.

Kristján mun ganga eftir því að fá þessi gögn fyrir næsta fund.

Hann mun senda á alla nefndarmenn umrædd gögn um leið og þau berast, fundarmönnum til skoðunar.

Ólafur mun koma þeim fyrir inn í skýrsluna.

Bætt var við listann vegna gagna í skýrsluna.

Þau atriði voru eftirfarandi:

- Fá glögga mynd af öllum neysluvatnssvæðum í Árnassýslu. Senda skipulags og byggingafulltrúum beiðni neysluvatnsmálin.
- Viðbragðsáætlun frá Landsvirkjun vegna hugsanlegs stíflurofs á svæði LV.
- Fá skýrslu um þol helstu brúa í sýslunni.
- Varaleiðir rafveitna í sýslunni vegna bilanna eða annarra vandamála sem upp kunna að koma.

2. **Samþykkt að breyta ekki útilit „lógós“ AÁ.**

Stimpill verður því eins og verið hefur að undanskildu heimilisfangi sem fellur út. Í stað heimilisfangs kemur kennitala AÁ

3. **Samþykkt að hittast aftur í kjallara lögreglustöðvarinnar á Selfossi, 11. janúar n.k. kl. 15:11**

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:20

Ragnheiður Hergeirsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Jón G. Valgeirsson,
Ólafur Helgi Kjartansson, Oddur Árnason, Kristján Einarsson